



HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Stefna

Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands

Stefna Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands - útgáfa 1.0

Stefna Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands (EBÍ) byggir á lögum um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994 og samþykktum fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands frá árinu 2003. Þá byggir stefnan á innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð, sjálfbæra þróun og jákvæð áhrif í starfsemi EBÍ á umhverfið og samfélagið.

Um stefnu EBÍ

Stefna EBÍ er unnin af stjórn félagsins og starfsfólki EBÍ og var lögð fram til samþykktar á fundi stjórnar þann 26.11.2021. Stefnan byggir á fjórum stefnuáherslum. Í hverri stefnuáherslu eru tilgreind meginmarkmið sem tengjast aðgerðaráætlun með mælanlegum markmiðum og aðgerðum.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn EBÍ og framkvæmdastjóri EBÍ hafa frumkvæðið að mótun stefnunnar og að fram fari reglulegt endurmat. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd hennar í samstarfi við stjórn. Á grundvelli stefnunnar er unnin aðgerðaráætlun til eins árs í senn, en henni er ætlað að koma þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnunni í framkvæmd. Stefnan og aðgerðaráætlun eru endurskoðuð reglulega.

Markmið og hlutverk / Tilgangur

Stjórn og framkvæmdastjóri EBÍ ber ábyrgð á að ávallt sé unnið eftir lögum og samþykktum EBÍ og að ávallt séu fyrirbyggjandi réttar fjárhagslegar upplýsingar við undirbúning funda og ákvarðanatöku. Markmið EBÍ er að starfsemi þess sé skilvirk, árangursmiðuð og grundvallist hverju sinni á sérfræðipækkingu og traustum upplýsingum samstarfsaðila. Stjórn og starfsfólk EBÍ sýni heiðarleika og virðingu fyrir verkefnum EBÍ og vinni samkvæmt bestu samvisku hverju sinni.

Stefnuáhersla 1; Fjármál - fjárfesting

Framkvæmdastjóri EBÍ tryggir að upplýsingar liggi fyrir þegar þörf er á til að styðja góða ákvarðanatöku í meðferð fjármuna félagsins. EBÍ nýtir sér framþróun í tækni og stuðlar að því að upplýsingar séu réttar til að unnt sé að koma á virku eftirliti með ávöxtun eigna og að upplýsingar séu tímanlegar fyrir stjórnarfundum. Eignastýringu EBÍ er úthýst til fjárvörsluaðila sem allir vinna eftir fyrir fram skilgreindri fjárfestingastefnu EBÍ.

S1.1 – Fjárfestingarstefna EBÍ

Fjárfestingastefna EBÍ skal mæta sem best þeim markmiðum og væntingum sem stjórn hefur um áhættu og ávöxtun. Við mótun fjárfestingarstefnu EBÍ þarf markvisst að horfa til framtíðar og meta mögulega ávöxtun helstu verðbréfaflokka ásamt hagvaxtaspá. Áhættudreifing skal vera í forgangi við mótun fjárfestingarstefnunnar. Blandað og vel dreift safn skilar væntri ávöxtun til lengri tíma og veitir góða áhættudreifingu. Fyrir hvern eignaflokk er mikilvægt að skilgreind sé stefna og efri og neðri vikmörk stefnu. Eignir geta vikið frá stefnu á hverjum tíma en verið innan skilgreindra vikmarka. Leggja skal áhersla á að vikmörk í fjárfestingastefnu gefi möguleika á að breyta eignasamsetningu í takt við mat á markaðsaðstæðum hverju sinni.

S1.2 – Ábyrg fjárfesting

Grunngildi EBÍ í ábyrgum fjárfestingum eru að félög sem félagið á eignarhlut í fari að þeim lögum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda. EBÍ telur mikilvægt að fyrirtæki móti sér stefnu um umhverfismál, félagsleg málefni og stjórnarhætti. Markmiðið er m.a. að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, draga úr mengun, lágmarka starfsemi sem er skaðleg fyrir umhverfið, virða mannréttindi og kjarasamninga starfsfólks ásamt því að innleiða góða stjórnarhætti sem eru í samræmi við gildandi reglur og viðmið hverju sinni.

Fjárfestingar EBÍ skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög og samþykktir EBÍ. Það er markmið Stjórnar EBÍ að allar ákvarðanir séu vel undirbúnar og lögmætar. Stefna skal að því að öll gögn máls liggi fyrir með góðum fyrirvara og til staðar sé þekking og færni til að tryggja að allar ákvarðanir séu vel ígrundaðar. Markmið EBÍ skal ávallt vera að ávaxta fé sjóðsins á hagkvæman hátt og tryggja sem besta ávöxtun miðað við áhættu. Með fjárfestingarstefnu EBÍ eiga hagsmunir sjóðsins að vera hafðir að leiðarljósi og miðað við að hámarka verðmæti eigna hverju sinni.

Öllum fjárfestingum EBÍ er útvistað til utanaðkomandi eignastýringaraðila. Það er markmið EBÍ að eignarstýringaraðilar sem starfa í umboði félagsins greini sérstaklega við mat á fjárfestingakostum, hvort og hvaða stefnu útgefandi verðbréfa hefur um umhverfismál, félagsleg málefni og stjórnarhætti og hafi niðurstöðu þess mats til hliðsjónar við fjárfestingaákvarðanir.

S1.3 – Sameignarsjóður EBÍ

Sameignasjóði EBÍ er ætlað að taka við óvirkri eign tryggingartaka. Við fráfall sameigenda eða þegar sameigandi er ekki lengur skráður lögaðili falla eignaréttindin til Sameignarsjóðs. Sjóðurinn mun því vaxa jafnt og þétt um leið og sameignaréttindi hinna tveggja hópanna minnkar. Sameignarsjóðurinn skal vera í vörslu EBÍ en fulltrúaráðið skal setja sameignarsjóðnum samþykktir. Sameignarsjóðurinn verður eign sveitarfélaganna. Aðalfundur fulltrúaráðs EBÍ skal leggja fram samþykkt um hagnaðarhlutdeild til sveitarfélaganna sem aðild eiga að sjóðnum. Meginmarkmið í ávöxtun EBÍ er að standa undir skilgreindum markmiðum um árlega útgreiðslu til sveitarfélaga í formi ágóðahlutar og lágmarka líkur á að skerða þurfi höfuðstól á milli ára.

Stefnuáhersla 2; Forvarnir og fræðsla

EBÍ vill vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi og í þeim tilgangi vill EBÍ stuðla að eflingu brunavarna og styðja alhliða forvarnastarf í sveitarfélögum á þessu sviði. Markmið EBÍ er að vinna með slökkviliðum og fleirum í að efla brunavarnir á Íslandi. Markmiðið er einnig að gefa út fræðsluefni um brunavarnir á ýmsum tungumálum, styrkja rannsóknir á sviði brunamála og uppfærða leikskólabörn um mikilvægi brunavarna.

S2.1 - Samstarf um forvarnir og fræðslu

EBÍ vill stuðla að auknum eldvörnum og leggja áherslu á að markvisst sé unnið að forvörnum og fræðslu á því sviði. Það er markmið EBÍ að styrkja árlega forvarnarverkefni á sviði brunamála í samvinnu við slökkviliðin og fleiri. Til að tryggja markvisst starf er EBÍ aðili að Eldvarnabandalaginu sem er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir heimilanna. Eldvarnabandalagið gefur reglulega út fræðsluefni um eldvarnaeftirlit jafnt fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Þá er EBÍ aðili að forvarnarverkefni í leikskólum landsins í samstarfi við slökkviliðin um allt land, þar sem slökkvialfarnir Logi og Glóð leika aðahlutverkið. Árlega skulu leikskólabörn og fjölskyldur þeirra fá fræðslu um eldvarnir heimilanna og leikskólarnir ábyrgjast að eldvarnir þeirra séu í lagi.

S2.2 – Styrktarsjóður EBÍ

Starfrækja skal styrktarsjóð innan EBÍ sem hefur það sem markmið að styðja og styrkja athuganir og rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum hjá aðildarsveitarfélögum. Stjórn EBÍ fer með stjórn sjóðsins og setur honum reglur. Heimilt er að setja verkefni í forgang sem geta nýst öðrum sveitarfélögum eða hafa almenn skírskotun um nýsköpun. Stefnt er að því að árlega sé veitt úr sjóðnum til aðildarsveitarfélaga að undangenginni auglýsingu og umsókn.

S2.3 - Miðlun upplýsinga

EBÍ hefur það að markmiði að upplýsingar á vef séu aðgengilegar og vel upplýsandi fyrir notendur. Stefnt skal að því að upplýsingar um starfsemi EBÍ séu ætíð uppfærðar reglulega og heimasíðu sé vel við haldið. Fréttir úr starfinu og samþykktir stjórnar skulu færðar inn reglulega.

Stefnuáhersla 3; Ábyrg stjórnun

Starfsemi Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands (EBÍ) byggir á lögum um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994 og samþykktum fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Þá byggir starfið á innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð, sjálfbæra þróun og jákvæð áhrif í starfsemi EBÍ á umhverfið og samfélagið.

S3.1 – Ábyrg stjórnun - Fulltrúaráð

Fulltrúaráð EBÍ er skipað fulltrúum sveitarfélaganna í landinu í samræmi við lög um EBÍ nr. 68/1994 og hefur æðsta vald í málefnum EBÍ. Fulltrúaráð hefur það markmið að setja félaginu samþykktir um faglega og ábyrga stjórnun EBÍ, sem taka til innri málefna félagsins, s.s. um boðun funda og lögmæti þeirra, fundarsköp og dagskrár funda, afgreiðslur mála, framlagningu ársreiknings og endurskoðun þeirra. Jafnframt skulu samþykktirnar hafa það að markmiði að geyma nánari útfærslu á ákvæðum laga sem um EBÍ gilda. Fulltrúaráðið skal tryggja virka starfsemi EBÍ, setja félaginu stjórn og kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda.

S3.2 – Ábyrgir stjórnunarhættir - Stjórn EBÍ

Stjórn ber að framfylgja lögum og samþykktum um félagið og starfa eftir þeim starfsreglum sem hún hefur sett sér. Jafnframt að vinna í samræmi við góða stjórnarhætti.

Stjórn EBÍ skiptir með sér verkum og skal funda eins oft og þörf krefur. Stjórn skal gæta hagsmuna félagsins og eru skuldbindingar stjórnarinnar bindandi fyrir félagið í heild. Stjórn skal boða fulltrúaráðið til fundar og framkvæmir ályktanir fundanna. Stjórn EBÍ skal hafa það markmið að stuðla að góðum starfsháttum hjá EBÍ og góðum innri og ytri samskiptum. Í störfum sínum eiga bæði stjórnarmenn og starfsfólk að tileinka sér þekkingu og ábyrgð fyrir viðfangsefninu. Stjórnin skal árlega leggja mat á störf sín, verklag og starfshætti. Stjórnarmenn skulu haga störfum sínum í einu og öllu með hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi.

S3.3 – Mikilvægi mannauðs

Samkvæmt samþykktum EBÍ ræður stjórnin framkvæmdastjóra og veitir honum prókúru. Framkvæmdastjóri stjórnar daglegum rekstri félagsins og fjármálum í umboði stjórnar skv. nánari ákvæðum í starfssamningi. Markmið EBÍ er að vera góður vinnustaður sem hefur á að skipa, hæfu, áhugasömu og metnaðarfullu starfsfólki sem sýnir frumkvæði og vilja til að taka

virkan þátt í að skapa jákvætt og drifandi starfsumhverfi. EBÍ líður ekki einelti, kynferðislega áreitni né ofbeldi á vinnustaðnum.

EBÍ vill vera heilsueflandi vinnustaður sem hlúir að starfsfólki með góðri vinnuaðstöðu og góðu skipulagi. EBÍ vill einnig stuðla að endurmenntun starfsmanna og hvetja þá til að hafa frumkvæði að sækja námskeið sem nýtast í starfi.

S3.4 – Sjálfbærni og umhverfi

Í daglegum rekstri EBÍ skal leggja áherslu á umhverfismál og leggur EBÍ sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum í eigin starfsemi með markvissum aðgerðum, ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda og aukinni endurnýtingu. Markmiðið er að leggja áherslu á að viðhafa ábyrg innkaup, bæta flokkun sorps og auka hlutfall endurvinnslu, minnka orku- og pappírsmarkmið og leitast við að velja umhverfisvænar vörur við innkaup.

Stefnuáhersla 4; Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

EBÍ hefur hafið vinnu við að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í sínum daglega rekstri og sýnir þannig samfélagslega ábyrgð í verki. EBÍ hefur staðfest viljayfirlýsingu um innleiðinguna við Markaðsstofu Kópavogs með áherslu á heimsmarkmið 3 um heilsu og vellíðan, 4 menntun, 5 jafnrétti kynjanna, 8 góð atvinna og hagvöxtur, 9 nýsköpun og uppbygging, 12, ábyrg neysla og framleiðsla, 13 aðgerðir í loftslagsmálum og 16 friður og réttlæti. Markmiðið er að skrá núverandi stöðu og setja frekari markmið um framfarir til ársins 2024 með leiðbeinandi markmiðasetningu Markaðsstofu Kópavogs til hliðsjónar.

Kópavogi 26. nóvember 2021

Stjórn EBÍ.